

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 8. desember 2020
UST202011-102/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulag Rangárþing ytra 2016 - 2028 - Jarlsstaðir

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 vegna Jarlsstaða.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að frístundasvæðið á Jarlsstöðum F74 er afmarkað á nýjan hátt þar sem svæðið mun stækka til norð-vesturs en austasti hluti þess fellur út. Auk þess kemur fram að stærð svæðisins verður óbreytt eða 50 ha og nýrri aðkomuleið bætt við. Skilmálar svæðisins haldast óbreyttir.

Þjósárhraun

Í greinargerð kemur fram að hraunið sem skipulagssvæðið nær til, fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar.

Í greinargerð kemur fram að forðast skal röskun hraunsins eins og kostur er og að hraunmyndunum á frístundalóðum svæðisins verði hlíft ef þess er nokkur kostur. Umhverfisstofnun telur jákvætt að tillagan leggur áherslu á verndun hraunsins. Hins vegar vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að í nýjum náttúruverndarlögum nr. 60/2013 er orðalagið „forðast ber að raska vistkerfum og jarðminkum nema brýna nauðsyn beri til“. Þetta er því annað orðalag en var í eldri náttúruverndarlögum þar sem þar stóð að „forðast rask eins og kostur er“.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 3. mgr. gildandi náttúruverndarlaga ber að forðast röskun á hrauni sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að Hraunið á þessu svæði hefur þegar verið raskað að hluta með vegum og vegslóðum, mannvirkjum sem tilheyra landbúnaði og ekki síst vegna uppblásturs á 19. öld og síðar uppgræðslu svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að verndarsvæðið hefur verið raskað að litlu leyti, þarf tillagan að fylgja ákvæðum 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.


Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkni sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur